

Vika 13 - vorönn

Lota 6 - ÁRÆÐNI

Orðræða: Hreysti, kjarkur og kraftur, gengur betur næst og æfinginn skapar meistarann

Lotulykill 3: Virkni

Orðaforðalisti: Form

Lubbi: Ææ

Lotumynd: Sjálfsmynd

Strik fyrir strik: Gróður bls. 62-64

Litla Sól: **Unnið með bókstafi og þykjustuskrift** bls. 95-97

Sól: **Unnið með bókstafi** bls. 141-153

Söngvar: Hjólin á strætó



(Fljúga hvítu fiðrildin)

Þegar Ævar æjar sér
enginn fær að hlæja.

Æ, æ, segir Ævar hér,
æ, æ, æ - æ jæja.

Kennslutilhögun og dagskipulag

Setja orð á athafnir: Núna ætlum við að fara í hring, setjast á ferhyrnu mottuna,

Samvera: Hægt að teikna form á töfluna

Við matarborðið: Hvaða form er diskurinn, kartöflurnar, fiskurinn

Í fataherbergi: Tala um fötin sem þau eru að klæða sig í, er einhver sem er í röndóttu eða köflóttu, doppóttu?

Í hópatímum: Í göngu og skoða umferðaskilti og merkingar á götum, taka mynd af þeim, leika með formkubba, teikna form, klippa form og líma, búa til klippimyndir úr formum. Æfa áræðni, gera leikfimisæfingar

Orðaforðalisti MMS:

Yngsti hópur: hringur, stjarna, ferhyrningur, þríhyrningur, kross, hjarta,

Mið hópur: teningur, strik, röndóttur, köflóttur, doppóttur, rósóttur

Elsti hópur: horn, miðja, hlið, kantur, brún, kringlóttur, ferningur, rétthyrningur, sexhyrningur, spaði, tígull, lauf, sporöskjulaga, keila

Þjálfun hljóðkerfisvitundar

Yngsti hópur: Klappa atkvæði orða og ríma

Mið hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, vinna með samsett orð

Elsti hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging